

Umsagnarblað: Mat ritrýna til fræðilegrar ritstjórnar Sjúkraþjálfarans

Dagsetning móttöku handrits:

Dagsetning skila á ritrýni::

Ritrýnir:

Heiti handrits:

Efnisatriði (síða 1/3)	Í lagi	þarf að bæta	Á ekki við
Efnið er viðeigandi sem fræðigrein í Sjúkraþjálfarann.			
Greinin hefur gildi fyrir þekkingu í sjúkraþjálfun og tengdar fræðigreinar.			
Titill (Má ekki vera meira en 150 letureiningar)			
<ul style="list-style-type: none"> • Titill er lýsandi fyrir innihald greinarinnar og/eða aðferðafræði. • Titill er líklegur til að vekja áhuga. 			
Ágrip á íslensku og ensku (250 orð að hámarki)			
<ul style="list-style-type: none"> • Ágrip gefur heildarmynd af greininni og er kaflaskiptur með: fræðilegum bakgrunni (<i>background</i>), markmiðum (<i>objectives</i>), aðferðum (<i>methods</i>), niðurstöðum (<i>results</i>) og ályktunum (<i>conclusions</i>). • Enskt ágrip er efnislega rétt. • Þrjú til sex lykilorð eru notuð á íslensku og ensku. 			
Inngangur			
<ul style="list-style-type: none"> • Eðli og umfangi vandamálsins sem verið er að rannsaka er lýst. • Tilgangi rannsóknar er lýst á skýran og greinargóðan hátt. Almennt má segja að þegar færð eru rök fyrir tilgangi rannsóknar þarf eftirfarandi að koma fram: Hvað er vitað? Hvað er ekki vitað? Hvað þekkingargap mun þessi rannsókn fylla? 			
<ul style="list-style-type: none"> • Rannsóknarspurning og/eða rannsóknartilgáta er sett fram, ef við á. • Ef rannsóknin er um meðferð, er sagt frá fyrri niðurstöðum um árangur meðferðarinnar og hugsanlegri skýringu á þeim árangri. • Hægt er að svara rannsóknarspurningu og/eða tilgátu með tölfræðilegum aðferðum. • Heimildir eru samþættar og byggðar á gagnreyndri þekkingu. 			
<ul style="list-style-type: none"> • Frumheimildir eru notaðar þegar þess er kostur. Miða skal við að hafa heimildir sem nýjastar og ekki eldri en tíu ára. Undantekningar eru ef um tímamótaverk er að ræða eða heimildir sem hafa mikið gildi fyrir fræðigreinina. <p><i>Í umsögn ritrýnis er mikilvægt að benda á atriði sem betur ættu heima í umræðukafla en inngangi.</i></p>			

Efnisatriði (síða 2/3)	Í lagi	þarf að bæta	Á ekki við
<p>Aðferð (þessi kafli á að vera í þátíð)</p> <ul style="list-style-type: none"> Rannsóknarsnið og aðferð eru til þess fallin að hægt sé að svara rannsóknarspurningunni og/eða hafna/samþykkja rannsóknartilgátuna með nægilega traustum hætti. 			
<ul style="list-style-type: none"> Val á þátttakendum er viðeigandi og lýst með nægilega skýrum hætti. 			
<ul style="list-style-type: none"> Útreikningar á styrk (<i>power</i>) voru gerðir til að meta hve marga einstaklinga þyrfti í rannsóknar- og samanburðarhópa, í rannsóknnum þar sem það á við. 			
<ul style="list-style-type: none"> Val og skilgreiningar á lykilbreytum eru skýrar: skýribreytur (<i>explanatory variables</i>), hugsanlegir truflandi þættir (<i>confounders</i>) og svarbreytur (<i>response variables</i>). 			
<ul style="list-style-type: none"> Aðferðum er lýst nægilega nákvæmlega til að aðrir geti endurtekið rannsóknina. Þetta á sérstaklega við sé nýrri aðferðafræði lýst eða ef um breytingar á eldri aðferðum er að ræða. 			
<ul style="list-style-type: none"> Viðeigandi mælitæki eru valin og þeim er vel lýst. 			
<ul style="list-style-type: none"> Fjallað er um próffræðilega eiginleika mælinga. 			
<ul style="list-style-type: none"> Ef greinin er um aðferð/ meðferðarform, er aðferðinni lýst nægilega vel þannig að hægt sé að endurtaka hana. <p><i>Ritryñir bendir á ef það nægir að vísa í heimildir þegar verið er að lýsa vel þekktum aðferðum.</i></p>			
<ul style="list-style-type: none"> Sagt er frá að tilskilin leyfi fyrir rannsókninni (t.d. frá Persónuvernd og Vísindasiðanefnd) hafi verið fengin (þegar þess þurfti). 			
<ul style="list-style-type: none"> Tölfræðilegum aðferðum er lýst. 			
<ul style="list-style-type: none"> Tölfræðiaðferðir eru viðeigandi miðað við rannsóknarsnið. <p><i>Ef þú ert ekki viss skaltu hafa samband við fræðilega ritstjórn sem hefur aðgang að tölfræðingi.</i></p>			
<p>Niðurstöður (það á að kynna niðurstöður í þátíð)</p> <ul style="list-style-type: none"> Niðurstöðum er lýst á skýran og greinargóðan hátt. <p><i>Benda skal á ef fram kemur hlutdrægni (bias) eða túlkun á niðurstöðum.</i></p>			
<ul style="list-style-type: none"> Höfundar setja eingöngu fram sínar eigin niðurstöður í þessum hluta. <p><i>Mat á niðurstöðum og samanburður við niðurstöður annarra á heima í umræðu.</i></p>			
<ul style="list-style-type: none"> Niðurstöður eru settar í samræmi við rannsóknarspurningar og/eða rannsóknartilgátur. 			
<ul style="list-style-type: none"> Upplýsingar sem fram koma í töflum eða myndum eru ekki endurteknaðar að nauðsynjalausu í texta. <p><i>Mikilvægt er að gefa ábendingar ef endurtekið er í texta það sem kemur fram í myndrænu formi. Ritryñir bendir einnig á niðurstöður í texta sem færu betur í töflu eða mynd.</i></p>			
<p>Skýr framsetning efnis í töflum/ myndum</p> <ul style="list-style-type: none"> Myndir og töflur eru skýrar og geta staðið sjálfstætt án tilvísunar í texta. <p><i>Ritryñir bendir á töflur og myndir sem mætti fella út eða einfalda. Hann skal meta frágang myndefnis almennt.</i></p>			

Efnisatriði (síða 3/3)	Í lagi	þarf að bæta	Á ekki við
Umræður og ályktanir			
<ul style="list-style-type: none"> Umfjöllunin er um niðurstöður og þær bornar saman við niðurstöður annarra rannsókna. 			
<ul style="list-style-type: none"> Höfundar gera skýran greinarmun á eigin niðurstöðum og niðurstöðum annarra í umræðu og ályktunum. 			
<ul style="list-style-type: none"> Annmarkar og leiðir til að draga úr þeim eru ræddir, svo sem skekkjur (<i>bias</i>) vegna mælinga, truflandi þættir (<i>confounders</i>) og tilviljun. 			
<ul style="list-style-type: none"> Höfundar nefna „neikvæðar“ niðurstöður sem eru mikilvægar. 			
<ul style="list-style-type: none"> Niðurstöður og ályktanir annarra höfunda er nægilegur gaumur gefinn. 			
<ul style="list-style-type: none"> Ályktanir höfunda eru réttmætar í ljósi niðurstaðna. 			
<ul style="list-style-type: none"> Höfundar benda á mögulega hagnýtingu efnisins fyrir sjúkraþjálfun, gjarnan í tengslum við það sem áður kom fram í inngangi um markmið og hvernig tekið er á efninu. Hér eru höfundar ef til vill að velta upp spurningum eða setja fram tillögur og/eða fjalla um breytingar sem þyrfti að gera til að þróa fræðilega þekkingu og klíníska færni í sjúkraþjálfun. 			
<ul style="list-style-type: none"> Ályktanir eru dregnar í samræmi við niðurstöður rannsókninnar. 			
Notkun heimilda			
<ul style="list-style-type: none"> Vitnað er í frumheimildir eða yfirlitsrannsóknir. 			
<ul style="list-style-type: none"> Tilvitnanir í fræðibækur og vefsíður eru fáar eða engar. 			
<ul style="list-style-type: none"> Fullyrðingar í texta eru studdar hæfilegum tilvitnunum. 			
<ul style="list-style-type: none"> Helstu rannsóknir sem tengjast efni handrits eru nefndar (þ.e. það vantar enga meginrannsókn) 			
<ul style="list-style-type: none"> Engum tilvitnunum er ofaukið. 			
<ul style="list-style-type: none"> Fjöldi heimilda er innan tilgreindra marka. 			
<ul style="list-style-type: none"> Tilvísanir í greinar og heimildaskráning er samkvæmt Vancouver reglunum: www.icmje.org 			
Lengd handrits			
<ul style="list-style-type: none"> Greinin er hæfilega löng. 			
Skýrleiki og flæði texta			
<ul style="list-style-type: none"> Það er gott flæði í texta og hann er skýr. 			
Góð íslenska og rétt stafsetning			
<ul style="list-style-type: none"> Greinin er skrifuð á góðri íslensku og stafsetning er rétt. 			
Greinin í heild			
<ul style="list-style-type: none"> Mat greinarinnar í heild. 			

Rökstyðjið að lokum hvort greinin sé hæf til birtingar lítt eða óbreytt, með verulegum breytingum eða alls ekki hæf. Ef greinin er talin birtingarhæf með verulegum breytingum reynið að meta hvaða breytingar eru þar mikilvægastar.

Tillaga ritrýnis til fræðilegrar ritstjórnar

<input type="checkbox"/>	Handrit samþykkt án breytinga
<input type="checkbox"/>	Handrit samþykkt að gerðum minni háttar breytingum
<input type="checkbox"/>	Handrit samþykkt að gerðum talsverðum breytingum
<input type="checkbox"/>	Miklar breytingar eru forsenda endurskoðunar fræðilegrar ritstjórnar
<input type="checkbox"/>	Handrit hentar sem óritrýnd fræðslugrein

Í hnotskurn - mat ritrýnis til ritstjórnar í nokkrum setningum

Greinargerð til höfunda - í sérskjali